


Ísetning stoðleggs milli nýra og þvagblöðru

Svokallaður JJ-stoðleggur er settur milli nýra og þvagblöðru vegna nýrnasteina til að tryggja öruggt flæði þvags úr nýra meðan á steinbrjótsmeðferð stendur eða vegna þrengsla í þvagleiðara af öðrum orsökum.

Í aðgerðinni er farið með speglunartæki upp þvagrás, inn í þvagblöðru og hún skoðuð. Áfram er speglað upp í þvagleiðara og JJ-stoðlegg komið fyrir sem liggur frá nýra niður í þvagblöðru. Stundum er komið fyrir þvaglegg í lok aðgerðar.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði er mikilvægt að segja frá því.

Blóðþynningarlyf

Hætta þarf að taka blóðþynningalyf fyrir aðgerðina, önnur en magnýl og hjartamagnýl, og er það gert í samráði við lækna þvagfæraskurðeildar.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Karlmennt þurfa að þvo vandlega undir forhúð. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Fyrir aðgerð þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn og borið getur á ógleði fyrst eftir aðgerð. Boðið er upp á léttu máltíð fyrir heimferð. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.

Útskrift er áætluð 2-4 klukkustundum eftir aðgerð.

Verkir

Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir				Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Þvaglát

Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild ef ekki hefur verið settur þvagleggur í aðgerðinni. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi. Stundum liggur grannur þráður út um þvagrás sem er notaður til að fjarlægja stoðlegginn ef ekki á að fjarlægja hann með aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Rafrænan lyfseðil fyrir sýklalyfjum og verkjalyfjum ef með þarf
- Tíma á 11A til þvagleggstöku ef þarf
- Endurkomutíma hjá skurðlækni

Útskriftarfræðsla

Verkir

Taka má verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apóteki. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum.

Þvaglát

Stoðleggurinn getur valdið ertingu sem lýsir sér oft með tíðum þvaglátum og krömpum í þvagblöðru sem væg verkjalyf geta slegið á. Ef þvagleggur hefur verið settur í aðgerðinni, er hann fjarlægður samdægurs eða næsta morgun. Sárt getur verið að losna við þvag fyrst í stað og búast má við að þvagið sé blóðlitað en það jafnar sig fljótt. Mælt er með að drekka um 1,5 - 2 lítra á dag meðan stoðleggurinn er til staðar. Misjafnt er hvenær stoðleggur er fjarlægður en það yfirleitt gert á göngudeild þvagfæra 1-12 mánuðum eftir ísetningu. Stundum getur sjúklingur fjarlægt hann sjálfur með því að toga í þráð sem liggur út um þvagrás og eru þá veittar upplýsingar um það fyrir útskrift.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu í 2-3 daga frá aðgerð.

Vinna

Byrja má að vinna aftur 1-2 dögum eftir aðgerð, nema læknir taki annað fram.

Kostnaður

Greidda þarf fyrir aðgerðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild 13D ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Þvag er mjög blóðlitað
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Erfiðleikar við þvaglát

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku.

Símanúmer

Dagdeild 13D er opin virka daga kl. 07:00-21:00	543 7480
Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 08:00-16:00	543 7100
Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn	543 1000